

## Formáli ritstjóra

Sumarið er tíminn, sagði skáldið. Sumarið er tíminn þegar fyrri hefti *Ritradarinnar* kemur út á árinu. Að þessu sinni færir *Ritröð Guðfræðistofnunar* — eina tímarit sinnar tegundar á Íslandi — lesendum sínum sjö fræðigreinar og einn ritdóm og líkt og áður er um fjölbreytt og spennandi efni að ræða.

Arnfríður Guðmundsdóttir skrifar um siðbótarkonuna Katarínu Zell sem upplifði fyrstu áratugi siðbreytingarinnar. Zell var afkastamikill höfundur og þjónaði Guði og náunganum á tímum er konum var meinaður aðgangur að vígðri þjónustu. Á meðal þeirra atriða sem hún skrifaði um voru kenningar Lúthers um almennan prestdóm, hjónabandið og guðfræði krossins. Að mati Arnfríðar verðskuldar Katarína Zell að vera talin með mikilvægustu leiðtogum siðbreytingarinnar.

Í grein sinni fjallar Gunnar J. Gunnarsson um rannsóknir á tilvistarspurningum barna og unglinga á Íslandi og í nágrannalöndunum. Athyglinni er m.a. beint að spurningunni um á hvaða hátt slíkar tilvistarspurningar koma fram í Aðalnámskrá grunnskóla, einkum hvað varðar kennslu í trúarbragðafræðum. Spurt er hvernig sú kennsla getur stutt nemendur til að vinna úr tilvistarspurningum sínum og annarra.

Haraldur Hreinsson og Sigurjón Árni Eyjólfsson beina athygli sinni að sögulegu og guðfræðilegu samhengi biskupsembættisins í hinni evangelísk-lúthersku kirkju. Gefið er sögulegt yfirlit yfir þróun embættisins frá tímum Nýja testamentisins fram á síðmiðaldir. Enn fremur er fjallað um biskupsembættið eins og það er sett fram í ritum Lúthers og annarra siðbótarmanna, sem skilgreindu biskupinn sem tilsjónarmann sem hefur tilsjón með boðun fagnaðarerindisins og veitingu sakramentanna.

Hjalti Hugason skrifar um sóknargjöld og þær deilur sem staðið hafa um þau að undanfögnu, þ.e.a.s. af hálfu ríkisvaldsins annars vegar og þjóðkirkjunnar hins vegar. Í grein sinni færir Hjalti rök fyrir því að sóknargjöld séu hvorki ríkisframlag né félagsgjöld heldur séu þessi gjöld skattalegs eðlis með rætur í tíund fyrri alda sem litið var á sem skatt til almannaþarfa. Sýnt er fram á að þær skattalegu breytingar sem gerðar voru á 9. áratug síðustu aldar í þessu sambandi hafi verið óæskilegar frá trúarréttarlegu sjónarmiði. Bent er á leiðir til að leysa úr þessum vanda.

Í grein sinni fjallar Pétur Pétursson um hvernig kirkjuleiðtogar og safnaðarfólk skilgreina hlutverk þjóðkirkjunnar. Stuðst er við hugmyndir Max Webers um „kjörmynd“ (e. *ideal type*) og fjórar meginstefnur í kirkju- og trúmálum á 20. öld skilgreindar, þ.e.a.s. þjóðkirkjustefna, lágkirkjustefna, hákirkjustefna og alkirkjustefna. Þessar stefnur eru ræddar nánar og færð rök fyrir því að þær beri með sér einkenni fleiri en einnar kjörmyndar.

Rúnar M. Þorsteinsson skrifar um bréf Nýja testamentisins í ljósi bréfaskrifta í hinum grísk-rómverska heimi. Gefið er yfirlit yfir rannsóknir á grísk-rómverskum bréfum ásamt yfirliti yfir bókmenntafræðileg einkenni þeirra og farið yfir hlutverk, notkun og flokkun þessara bréfa. Að því loknu eru bréf Nýja testamentisins skoðuð í ljósi þessara þátta, þar sem athyglinni er einkum beint að einum þekktasta bréfahöfundinum allra tíma, Páli postula. Færð eru rök fyrir því að rannsóknir á grísk-rómverskum bréfaskriftum séu afar gagnlegar fyrir þekkingu okkar á bréfum Nýja testamentisins.

Sólveig Anna Bóasdóttir beinir athygli sinni að loftslagsbreytingum út frá kenningum guðfræðingsins og siðfræðingsins Willis Jenkins en hann telur að kristin siðfræði geti brugðist við loftslagsbreytingum með ábyrgum hætti. Jenkins mælir með hnattrænni verkhyggju-nálgun þar sem lögð er áhersla á sköpunarkraft og hæfni manneskjunnar til kærleika, réttlætis og auðmýktar. Hnattrænt samstarf á milli trúarhópa er meginatriði í þessari nálgun. Jenkins heldur því fram að slík verkhyggja bjóði upp á von um að enn sé hægt að bregðast við yfirstandandi loftslagsbreytingum.

Að lokum skrifar Gunnlaugur A. Jónsson ritdóm um bókina *Vilji er allt sem þarf: Endurminningar séra Vigfúsar Þórs Árnasonar* sem gefin var út á síðastliðnu ári.

Ánægjulegan lestur!

*Rúnar M. Þorsteinsson*